

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 17. ágúst 2017 | 28. töl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

SENDU FRÉTTASKOT Á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
eða á sport@fjardarfrettir.is



Smelltu á
LIKE

og skoðaðu myndir á
Facebooksíðu Fjarðarfretta



**Vantar allar
gerðir eigna
á söluskrá!**

**Hafið
samband
við
sölumenn
okkar.**

HRAUNHAMAR
F A S T E I G N A S A L A


Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655



Strandgata 75 • 583 6000 • vonmathus.is • [facebook/vonmathus](https://facebook.com/vonmathus)

80 umsóknir bárust í 13 lausar lóðir

Tíu tilboð lögaðila bárust í 26 tvíbýlis- og 12 raðhúsaloðir

Tilboð voru opnuð á þriðjudag frá tíu lögaðilum í 26 tvíbýlishúsaloðir og 12 raðhúsaloðir í Skarðshlíð. Eftir er að fara yfir tilboðin og meta en ekki lágu fyrir upplýsingar um upphæð þeirra er blaðið fór í prentun.

Þá bárust rúmlega 80 umsóknir um 13 einbýlishúsaloðir og parhúsaloðir en lögaðilar gátu ekki sótt um þær.

Töluverðar breytingar voru enn einu sinni gerðar á skipulagi Skarðshlíðarhverfisins og fólk var farið að bíða

eftir því að geta sótt um lóðir í Hafnarfirði. Var hverfið tilbúið til úthlutunar en fyrstu þrjú ár þessa kjörtímabils hafa

farið í endurnýjun á skipulaginu sem vonandi á að leiða af sér gott íbúðarhverfi.



Lýsam. Guðni Glásson

Mörg ár eru síðan götur voru lagðar í Skarðshlíð.



Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600

Opið virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

FRAMKVÆMDA TILBOÐ

PARKET-VERKFÆRI-MÁLNING-HEIMILISTÆKI OG MARGT FLEIRA



Nýtt blað

Húsasmíðjublaðið
er komið út

Þín verslun í Hafnarfirði

Byggjum á betra verði

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Fríkirkjan í Hafnarfirði

Upphaf fermingarstarfs

Sunnudagur 20. ágúst:

Kynningarmessa með fermingarbörnum og foreldrum kl. 17.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



leiðarinn



Töluverð umræða hefur verið á samfélagsvef íbúa í Setbergi um skort á viðhaldi á húsnæði Setbergsskóla. Ætti það ekki að koma neinum á óvart enda hafa margar byggingar í eigu

Hafnarfjarðarbæjar liðið fyrir skort á viðhaldi.

Pegar einkavæðing þótti gáfuleg voru rökinn m.a. þau að þá væri verið að kaupa allt viðhald og það væri innifalið í leigunni. Skarplega athugað hjá meirihluta þess tíma sem þannig treysti sér ekki til að leggja til álíka upphæð til viðhalds á eigin húsnæði. Líklegra hefði þá verið gáfulegra að einkavæði yfirstjórn bæjarins en skólabyggingarnar sem bærinn þurfti síðar - sem betur fer - að kaupa aftur.

Nú hefur fjárhagurinn batnað svo að bæjarfulltrúar vildu byggja tvö fullstór fótboltahús og gefa loforðið rétt fyrir kosningar. Sem betur fer klofnaði meirihlutinn og tillagan var felld. Í aðdraganda kosninga er líklega ekkert sexi við það að setja eðlilegt fjármagn í viðhald húsnæðis, það veidir engin atkvæði. Að öllu gríni slepptu þá er viðhald húsnæðis bæjarins langt undir eðlilegum mörkum og þarf ekki annað en að líta á Setbergsskóla, íþróttahús Viðistaðaskóla, sem er í hörmulegu ástandi, mygluvandamál í leikskóla, elstu hús bæjarins á safnatorfunni, íþróttahúsið í Kaplakrika, gamla Lækjarskóla og fleiri byggingar. Það er enginn sparnaður að fresta viðhaldi bygginga, það gerir viðhaldið aðeins dýrara og skemmdimar umfangsmeiri.

Hvaða stjórnmálaflokkur hefur kjark til að lofa eðlilegu fjármagni í viðhald á eignum bæjarins áður en loford eru gefin um fleiri byggingar?

Íbúar eru langþreyttir á niðurskurði, nú þegar vel árar. Tekin hafa verið skref í rétta átt á ýmsum sviðum en meira þarf til.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Ný snyrtistofa í Firði

Beauty Salon er ný snyrtistofa á gömlum grunni í Firði

Hjónin Krístrún Sif Gunnarsdóttir og Karl Olsen hafa keypt Snyrtistofu Rósu af Scarlett A Cunillera í júní og tóku formlega við stofunni 1. júlí sem hefur verið rekin allt frá 1966 og var stofnuð af Kristínu Sigurðsú Jónsdóttur.

Ákváðu þau að gera töluverðar breytingar á snyrtistofunni og breyttu meðal annars nafninu frá Snyrtistofa Rósu ehf. í Beauty Salon ehf. Var einu meðferðarherbergi bætt við en fyrir voru tvö, allt tekið í gegn og málað og skipt út ýmsum innanstokksmunum.

„Við munum bjóða upp á allar helstu snyrtimeðferðir og vinnum með vörur eins og Comfort Zone, Essie, ARTDECO og Gehwol.

Við verðum tvær starfandi á stofunni til að byrja með en ég vonast til þess að fá til mín þriðju manneskjuna til vinnu fljótlega,“ segir Krístrún.



Krístrún Sif Gunnarsdóttir snyrtifræðimeistari við opnun stofunnar.

Krístrún er snyrtifræðimeistari og naglafræðingur og Guðríður Lára Gunnarsdóttir samstarfsskona hennar er snyrtifræðingur.

Krístrún hefur starfað við snyrtifræði í rúm 15 ár og áður en hún tók við þessum rekstri var hún snyrtifræðimeistari í Blue Lagoon spa í Glæsibæ.

Gaf þrjá bekki við Hvaleyrarvatn

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar afhenti Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar þrjá bekki að gjöf við athöfn við Hvaleyrarvatn 29. júlí sl. Bekkirnir eru gefnir í tilefni af 100 ára afmæli Lionsshreyfingarinnar og hefur þeim verið komið fyrir með reglulegu milli-bili við vatnið, einn er fyrir neðan miðjan Höfðaskóg, annar á mótis við seltóftirnar undir Selhöfða og þriðji er á mótis við miðja Vatnshlíð.



Magnús Gunnarsson, Haraldur L. Haraldsson, Ingvar Viktorsson og Jón Gunnar Stefánsson.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 20. ágúst

Messa kl. 11

Fyrsta messan í nýju safnaðarheimili

Allt safnaðarfolk er hjartanlega velkomið, sérstaklega fermingarbörn og aðstandendur þeirra.

Kór Ástjarnarkirkju syngur við undirleik húsbandsins undir stjórn Matthíasar V. Baldurssonar. Sr. Kjartan Jónsson prédikar og þjónar fyrir altari.



www.astjarnarkirkja.is



JOHN WAYNE 200GR



FISH AND CHIPS



PÍTA MEÐ BUFFI/KJÚKLING

Burger★inn

Flatahrauni 5a Hfj. ★ Sími: 555 7030

Opið alla daga frá kl. 11:00 til 22:00

Kíktu á matseðilinn á
www.burgerinn.is



BBQ KJÚKLINGUR Á TEINI



BURGER SALAT



NAUTA SIRLOIN 200GR

Hafnarfjarðarbær opnar bókhaldið

Opnaður aðgangur að hluta að bókhaldi Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfjarðarbær hefur nú bæst í hóp þeirra sveitarfélaga sem hefur opnað aðgengi almennings að bókhaldi sínu. Á föstudag var formlega opnað svæði á heimasíðu bæjarins þar sem bæjarbúar og aðrir geta kynnt sér tekjur og gjöld sveitarfélagsins og skiptingu kostnaðar á kostnaðarlykla, skipulagseiningar og birgja.

Í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ segir að markmiðið með þessari aðgerð sé að auka aðgengi að fjárhagssupplýsingum og skýra á sem einfaldastan máta og með myndrænum hætti ráðstöfun fjármuna sveitarfélagsins.

Undirbúningsvinna fyrir þetta aukna aðgengi hefur staðið í vetur en í byrjun febrúar undirritaði bæjarstjóri samning við Capacent sem þróaði hugbúnað sem býður upp á öflugar myndrænar greiningar í sjálfsafgreiðslu, aðgang að



gagnvirkum skýrslum og sýn á gögn frá ýmsum sjónarhornum.

Síðan skiptist í 5 síður, Tekjur og gjöld A- og B- hluta sjóða og greiningu á birgjum sveitarfélagsins. Tekjur og gjöld eru brotin niður á málaflokka, deildir og einstaka bókhaldslykla. Í birgjagreiningu er hægt að leita að einstaka birgjum eða sía þá út eftir

kostnaðarstað á málaflokk eða bókhaldslykil. Hægt er að kynna sér gögn aftur í tímann og gera samanburð á milli tímabilanna 2015-2016.

Munu fleiri tímabil birtast eftir að uppgjör hafa verið send til Kauphallar í samræmi við reglur um útgáfu skulda-bréfa.

Hádegistilboð í Bike Cave alla virka daga 11-14

OSTBORGARI/ GRÆNMETISBORGARI

frönskur að eigin vali og hálf lítra gos að eigin vali

Kr. 1.595,-



Sjáumst!

BIKE CAVE

Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 571 3144 • Erum á Facebook

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! Frítt söluverðmat

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

sími 896 6076
as@remax.is

RE/MAX
FJÖRÐUR



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

Verða 13 mánuði á leið á Ólafsvöku

Helena, Markús og Tara Ósk sigla um heimsins höf á Sæúlfinum

Þau Markús Pétursson og Helena Línudóttir Kristbjörnsdóttir hafa ásamt börnum sínum þremur búið um borð í skútunni Sæúlfinum og siglt um heimsins höf. Á mánudagskvöld var komið að enn einni brottförinni en að þessu sinni verður ferðin öðruvísi, það verður engin bækistöð en þess í stað verður siglt á milli staða og upplifað. Að þessu sinni er það aðeins Tara Ósk sem er með þeim en hún er 14 ára gömul og 9. bekkurinn hjá henni verður um borð í Sæúlfinum og mamman er kennarinn. Þetta er fjórða stóra ferð fjölskyldunnar en í fyrra héldu þau til Grænlands sem þau telja ekki með til stóru ferðanna.

Þegar blaðamaður kíkti um borð í velbúna skútuna í Hafnarfjarðarhöfn, rétt fyrir brottför, var spenningurinn farinn að segja til sín. Ýmislegt hafði komið upp á sem seinkaði för en nú var allt klárt öll voru þau spennt að komast af stað.

Markús sagði að haldið yrði til Njarðvíkur og þaðan til Grindavíkur og vonandi væru veðurskilyrði hagstæð svo hægt væri að halda á Atlantshafið á miðvikudag en ætlunin er að sigla í kjölfar lægðar og fylgja norðanvindum yfir Atlantshafið til Skotlands. Reikna þau með að vera 4 daga á leiðinni yfir hafið. Þaðan halda þau í suðurátt og stefna á Vigo-svæðið á Spáni, rétt norðan við Portúgal. Þaðan halda þau suður með Portúgal og stefna upp Guadiana ána á landamærum Portúgals og Spánar.

Þegar þeirri ævintýraferð er lokið er stefnan tekin á Gíbraltarsundið þar sem stefnt er að því að taka skútuna upp til botnmálunar. Þaðan verður svo aftur haldið út á Atlantshafið og stefnt til Lanzarote á Kanaríeyjum þar sem þau



Helena, Tara Ósk og Markús í Sæúlfinum, tilbúin til brottfarar.

ætla að hitta vini sína áður en Atlantshafið verður þverað á nýjan leik. Sú ferð ætla þau að taki um 20 daga á lensi undan staðvindum og stefna á það að vera komin í Karabíska hafið fyrir júl en stefnan er tekin á Bahamaeyjar sem er um 400 km undan ströndum Florida.

Næsta sumar stefna þau svo til Azoreyja sem er rúmlega 1.000 km vestan við Portúgal en vindar og veður munu þó geta sett strik í reikninginn en eitt segir Markús að sé víst, þau ætla að mæta á Ólafsvöku í Færeyjum sem er helgina fyrir verslunarmannahelgi.

Þau munu svo skoða Færeyjar vel áður en heim er haldið en ferðin er

áætluð 13 mánuðir, „og 6 dagar,“ bætir Tara Ósk við, greinilega spennt fyrir ferðinni.

ALEIGAN NOTUÐ

Þegar þau voru spurð hvernig svona ferð væri fjármögnuð stóð ekki á svarinu, „Við setjum aleiguna í þetta.“ Á milli ferða er unnið og lagt til hliðar og skútan er íbúðin þeirra. „Þetta er eins og flóð og fjara, vinna, safna, eyða og svo tekur hringrásin aftur við.“

Þó þau séu orðin vön þá krefst svona ferð mikillar skipulagningar. Velja þarf réttan mat, ekki síst þegar langt er til næstu hafnar og segir Helena að byrjað sé á steikunum, beikoninu og slíku og síðar taki dósamatur og pasta við í öll mál. Þau eru með kæli um borð en enga frystikistu og heimabakað brauð taki fljótt við. Þau segja að ýmislegt breytist, internetið hverfi t.d. fljótt en ekki einu sinni unglingurinn hefur áhyggjur af því.


Nú var ekkert að vanbúnaði, fjölskyldan var kvödd og Sæúlfinn ber þau nú á vit ævintýranna.



Sæúlfinn velútbúinn og Jóhann Berthelsen fékk að fljóta með til Njarðvíkur.

Hönnun og umbrot

bækur | blöð | ársskýrslur
auglýsingar | skilti | matseðlar
ljósmyndir | greinarskrif



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

sími 565 4513 | hhus@hhus.is | stofnað 1990

Hafnarfjarðarbær fékk Jafnlaunavottun

Hafnarfjarðarbær er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að fá vottað jafnlaunamerki frá velferðarráðuneytinu. „Markmiðið með innleiðingunni er að koma á og viðhalda launajafnrétti hjá Hafnarfjarðarbæ og uppfylla skyldur atvinnurekenda um að tryggja jafnan rétt kvenna og karla, greiða þeim jöfn laun og tryggja að þau njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf,“ segir í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ.

Með vottun frá úttekaraðila, BSI á Íslandi, sem og jafnlaunamerkinu frá velferðarráðuneytinu, getur Hafnarfjarðarbær staðfest að hann uppfyllir þær kröfur sem lagðar eru fram samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Sé hann uppfylltur er m.a.

tryggt að allar ákvarðanir um laun og kjör séu skjalfestar, rökstuddar og rekjanlegar og að verklagsreglur, vinnulýsingar og leiðbeiningar séu til staðar. Þá er tryggt að launaákvæðanir endurspegli að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg störf.

Jafnlaunakerfi veitir svo stjórnendum skýrari sýn á launagreiningar, úrbóta-verkefni, eftirfylgni með aðgerðum og staðfestingu þess að settri jafnréttisstefnu sé fylgt eftir.

Lög um jafnlaunavottun öðlast gildi 1. janúar 2018. Í lögnum er tilgreint hvenær stofnanir og fyrirtæki skuli hafa öðlast vottun á jafnlaunakerfi og framkvæmd þess, eða staðfestingu eftir atvikum og munar þar nokkru á tímafrestum eftir starfsmannafjölda.

Loksins ókeypis skólagögn í Hafnarfirði

Óvíst hvað hugtakið „gjaldfrjáls skóli“ þýðir – Notað í fyrirsagnir án skýringa

Í maí 2016 sendi Samband íslenskra sveitarfélaga skólanefndum og skólaskrifstofum ábendingu um kostnað vegna námsgagna en sambandið hafði kannað kostnað foreldra víða um land þar sem kom fram að kostnaður gat verið mjög mismunandi, jafnvel innan sama sveitarfélags.

Velferðarvaktin hafði verið í samstarfi við sambandið og kom þar fram skýr vilji til að koma til móts við þá efnaminni. Í bréfi sem Velferðarvaktin sendi sveitarfélögum 9. ágúst 2016 segir m.a.: „Velferðarvaktin telur að kostnaðarþátttaka foreldra, vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu barna, upp á tugi þúsunda króna samrýmist hvorki anda Barna-sáttmálsins né grunnskólaganna.“

TILLAGA FÉKK EKKI AFGREIÐSLU

Málið var tekið upp á fundi fræðsluráðs Hafnarfjarðar 24. ágúst 2016 undir yfirskriftinni „Gjaldfrjáls skóli - ókeypis skólagögn“ án þess að nein ákvörðun væri tekin. Tillaga fulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna var ekki afgreidd skv. fundargerð en hún var svohljóðandi: „Leggjum við því til að sett verði af stað markviss vinna sem hafi það að markmiði að



Allir nemendur eiga öð hafa jafnan rétt til náms.

tryggja gjaldfrjálsan grunnskóla frá árinu 2018, sem m.a. miði að því að ekki verði greitt sérstaklega fyrir það sem í dag er skilgreind sem valkvæð þjónustan en í reynd löngu orðin almenn og órjúfanlegur hluti af skólastarfinu, s.s. ritföng og skólamatur. Með þessu verði gerð tilraun til að að uppfylla anda grunnskólaganna, um að grunnskóli sé með öllu gjaldfrjáls og tryggja raunverulegan jöfnuð íslenskra grunnskólabarna.“

Málið var aftur tekið upp á fundi fræðsluráðs 31. maí sl. og var tillagan

þá endurflutt en afgreiðslu hennar frestað.

FÁ RITFÖNG OG STÍLABÆKUR FRÍTT

Það var svo ekki fyrr en 14. júlí sl. sem fræðsluráð leggur til að frá og með komandi hausti muni Hafnarfjarðarbær útvega grunnskólanemendum námsgögn, þ.e. ritföng og stílabækur, þeim að kostnaðarlausu. Áætlaður kostnaður er um 20 milljónir króna. Tillögunni var vísað til bæjarstjórnar og viðauka við fjárhagsáætlun 2017 og var hún sam-

þykkt af bæjarráði í umboði bæjarstjórnar.

Fræðslustjóra var falið að vinna að útfærslu málsins í samráði við skólastjóra.

SKONDNAR KRYTUR UM EIGNARHALD

Fulltrúar Samfylkingar og VG fögnuðu því að tillaga sem minnihlutinn hafi itrekað lagt fram skuli loks hafa hlotið hljómgrunn og vera samþykkt.

Fulltrúar Bjartar framtíðar og Sjálfstæðisflokks bentu hins vegar á að þetta hafi ekki verið samþykkt á tillögu minnihlutans. Sú tillaga hafi gengið út á að ritfangakaup fællu niður frá og með 2018. Nú hafi verið lagt til og samþykkt hér að gera betur og hefja þetta verkefni strax í haust!

FYLGDU STRAUMNUM

Hins vegar höfðu ýmis sveitarfélög þegar kynnt að þau myndu kaupa skólagögn handa sínum nemendum og afhenda þeim án endurgjalds.

EKKI liggur fyrir að hafnirskir grunnskólar verði gjaldfrjálsir þó það hugtak sé notað í fyrirsögunum enda fellur ýmis annar kostnaður til en stílabækur og og ritföng. Þar má nefna ferðir, mat, skólabúninga og fleira.

Nýtt sundtímabil hefst með látum 1. september!

Skráning er hafin á heimasíðu Sundfélags Hafnarfjarðar – www.sh.is

Eitthvað fyrir alla:

- Sundnámskeið með foreldrum; fyrstu sundtökin (3-4 ára)
- Sundnámskeið; sundtökin og vatnið kynnt fyrir krökkunum (4-6 ára)
- Sundkennsla; áframhaldandi bæting á tækni og sundi „Stjórn á vatninu“
- Sundæfingar yngri (8-16 ára)
- Sundæfingar eldri (16 ára og eldri)

Æfingastaðir: Sundhöll, Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug



Skriðsunds- námskeið fyrir fullorðna

RioTintoAlcan
styrkir barna- og unglingastarf SH

Endurskráning eldri hópa fer einnig fram á www.sh.is

Sundfélag Hafnarfjarðar • sh@sh.is • www.sh.is • 555 6830

Dvergshúsið horfið – hluti af langri sögu

Stefnt að því að byggð verði 5 hús á lóðinni með 21 íbúð


Húsið að Lækjargötu 2 sem fyrirtækið Hf. Dvergur Flygenring & Co. byggði hefur nú verið rífið. Dvergur hf. var stofnað árið 1911 er 12 Hafniróðingur keyptu trésmiðju Jóhannesar J. Reykdals sem hann hafði stofnað árið 1903 og byggt neðst við Hamarskotslæk ofan við Strandgötu. Þar voru mikil hús sem öll voru rifin um 1965.

Húsið sem nú var rífið var byggt í nokkrum áföngum, við Brekkugötu er elsta húsið sem reist var 1932 og hýsti verslun og skrifstofu. Árið 1959 var tekið í notkun 170 m² verksmiðju- og lagerhús við Suðurgötu. Við það var byggt lagerhús sem tengdi verksmiðjuna við skrifstofuhúsið en upp úr 1965 var húsið stækkað og byggð ein hæð ofan á það og fékk þá það útlit sem bæjarbúar þekktu best.




Svona leit Suðurgatan út um það leyti sem hafist var handa við að rífa húsið.

Nýju húsinn sem koma á lóðina eru afrakstur alútboðs þar sem bjóðendur í lóðina þurftu einnig að gera tillögur að húsbyggingum og var fyrirtækið GG bygg ehf. hlutskarpast.



Við gamla verslunarhúsið frá 1932 sem nú var einnig rífið.




Vinningstillagan. Raðhúsin til hægri verða ekki byggð.

Þriðja hæðin stóð að nokkuð lengi en Flensborgarskóli fékk hana til afnota 1973 en þar hafa námsflokkar verið til húsa, Héraðsdómur Reykjaness og síðast var þar aðstaða fyrir listamenn.

Dvergur hætti starfsemi undir lok aldarinnar og var fyrirtækið afskráð árið 1997.

Húsið sem nú hefur verið rífið er táknið síns tíma en um 1960 var tilhneiging til að rífa öll gömlu húsinn og byggja stórar kassabyggingar í stíl við Morgunblaðshúsið. Þannig áttu öll gömlu húsinn við Austurgötu að hverfa og hús í stíl við Sparisjóðshúsið að rísa þar sem og við Strandgötu.



Lýðm. Guðni Glásson

Þú getur enn tekið þátt!

Markmiðið með leiknum er að hvetja til útivistar og náttúruskoðunar í fjölbreyttu landi upplands Hafnarfjarðar og um leið að vekja athygli á þeim fjölmörgu perlum sem leynast í okkar næsta nágrenni.

Stendur til 25. september



Tónlistar-og bæjarhátíðin



Hjarta Hafnarfjarðar



24.-26. ágúst

FIMMTUDAGUR

24. ÁGÚST

BJARTMAR GUÐLAUGSSON
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON OG HLJÓMSVEIT
VALDIMAR
JÓN JÓNSSON OG HLJÓMSVEIT

FÖSTUDAGUR

25. ÁGÚST

MOSES HIGHTOWER
KYRIAMA FAMILY
AMABADAMA
DÚKKULÍSUR

LAUGARDAGUR

26. ÁGÚST

JÓNAS SIG OG RITVÉLAR FRAMTÍÐARINNAR
FRÍÐRIK DÓR
LÁRA RÚNARS
CEASESTONE

Við opnum húsið kl 19:00 alla dagana og lofum alvöru stemmingu fram að miðnætti. Í boði eru helgararmbönd í takmörkuðu upplagi auk dagpassa á hvern dag fyrir sig. Selt verður í númeruð sæti. Miðasala er hafin á tix.is. Aldurstakmark er 20 ár. Allar nánari upplýsingar um dagskrána og annað sem vert er að vita er að finna á Facebook síðu Bæjarbíós og Hjarta Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær er sérstakur samstarfsaðili Hjarta Hafnarfjarðar. Í portinu á bak við Bæjarbíó bjóðum við svo upp á reykaðstöðu og í 100 fermetra tjaldi er hægt að tylla sér niður, fá sér drykk á útibarnum og njóta lifandi tónlistar.

ARMBÖND: Armbönd verða afhent í Bæjarbíó frá kl 12:00-16:00 miðvikudaginn 23. ágúst og frá hádegi fimmtudaginn 24. ágúst. **BJÖRKORT** Hægt er að kaupa 10 miða björkort á ákveðnum bjórtegundum á betra verði bæði í dósum og gleri. Þau verða til sölu á tix.is með miðasölu. Einnig er hægt að kaupa þau í Bæjarbíói strax eftir verslunarmannahli.

Víkingafjör á Víðistaðatúni

Rimmugýgur fagnaði 20 ára afmæli sínu og bauð gestum á bardagasýningar, handverksmarkað og fl.

Í ár fagnar víkingafélagið Rimmugýgur 20 ára afmæli sínu. Af því tilefni var blásið til víkingahátíðar á Víðistaðatúni um síðustu helgi.

Fjölbreitt dagskrá var í boði, m.a. handverksmarkaður, bardagasýningar, víkingaskóli barnanna, bogfimi, tónlist og ýmsar óvæntar upptakomur. Auk þess var hægt að fræðast um lífnaðarhætti víkinga og fylgjast með þeim í leik og starfi. Fjölmarginu nýttu sér það og var oft fjölmennt á Víðistaðatúni og krakkarnir létu ekki bjóða sér það tvisvar að fá að taka þátt í víkingabardaga.



Víkingarnir komu sér haganlega fyrir á Víðistaðatúni um helgina og fjölmarginu heimsóttu þá.



Ingólfur víkingur var friðsamur og bakaði brauð með börnunum á meðan önnur börn börðust með sverðum af mikilli ákefð og réðust jafnvel gegn víkingum.

Rimmugýgur er félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga. Tilgangur félagsins er að stuðla að auknum áhuga á víkingatímabilinu og uppruna þjóðarinnar.

Félagið hefur í gegnum árin tekið þátt í mörgum víkingahátíðum heima og erlendis. Einnig tekur félagið að sér sýningar fyrir ferðamenn, fyrirtæki og upptakomur af ýmsu tagi.



Bikarinn fór til Eyja

FH tapaði 0-1 fyrir ÍBV á Laugardalsvelli

FH-ingar glopruðu öðru tækifæri sínu á 42 árum að verða bikarmeistarar með því að sigra lið ÍBV. Árið 1972 var FH í 2. deild en ÍBV í 1. deild (efstu deild) og þá kepptu liðin til úrslita á Melavellinum en þá sigraði ÍBV 2-0.

Nú mættust liðin á Laugardalsvelli, FH í 3. sæti í úrvalsdeild en ÍBV í næst neðsta sæti. Vestmannaeyingar voru einfaldlega ákafari í að sigra og unnu leikinn 1-0 og fóru heim með bikarinn.



Ungir liðsmenn FH og ÍBV báru bikarinn inn á völlinn.

FH leikur við Braga í Kaplakrika í dag

Fimmti Evrópuleikur FH í sumar



Úr Evrópuleik FH gegn Maribor á Kaplakrika 2. ágúst sl.

Karlalið FH í knattspyrnu mætir portúgalska félaginu Braga í dag í Kaplakrika kl. 17.45. Leikurinn er fyrri leikur liðanna í umspili um laust sæti í riðlakeppni Evrópuvæildarinnar í knatt-

spyrnu. Braga er með gríðarsterkt lið en liðið komst í úrslit Evrópuvæildarinnar 2011 en tapaði 0-1 fyrir Porto. Þá komst liðið í átta liða úrslit 2015.

Hafnarfjörður var mikilvægur hluti af stóru alþjóðlegu skátamóti

Stærsta World Scout Moot sem hingað til hefur verið haldið í heiminum

Alþjóða skátamótið World Scout Moot var haldið á Íslandi 25. júlí til 2. ágúst sl. en um 400 skátar, víðsvegar að úr heiminum, gistu í tjaldbúðum á Víðistaðatúni fyrstu fjóra daga mótsins en alls voru skátarnir 5.000 á 11 mismunandi stöðum á landinu áður en þeir sameinuðust á Úlfhljótsvatni.

Almennir þátttakendur voru á aldrinum 18-25 ára, 40 skátar í sveit sem skipt var upp í 10 manna flokka með skátum af ýmsum þjóðernum. Um leið og þau tóku þátt í spennandi verkefnum kynntust þau því nýjum félögum með mismunandi bakgrunn og ríkti mikil ánægja í sveitunum níu í Hafnarfirði. Skátarnir elduðu sinn mat sjálfir en þeir fengu allan matinn í upphafi dvalarinnar og þurftu að tryggja að hann héldist ferskur allan tímann í Hafnarfirði.

SINNTU SAMFÉLAGS-ÞJÓNUSTU Í BÆNUM

Allir skátarnir lögðu til um fjögurra tíma samfélagsþjónustu og lögðu þeir göngustíga, plöntuðu trjá, hreinsuðu beð og fjölmargir tóku eftir ótrúlegum



Ljóm: Guðni Gíslason

Á World Scout Moot komu skátar frá um 100 löndum þar sem mismunandi menningarbakgrunnur kom ekki að sök.

smakka á nýgerðri kjötsúpu og heilsaði upp á erlenda skáta sem lýstu ánægju

Hafnirskir skátar sáu um undirbúning og framkvæmd á mótinu hér í Hafnarfirði og gekk það snúðrulaust fyrir sig. Glæsileg kvöldvaka með varðeld og skemmtiatriðum sem skátarnir sjálfir undirbyggju var svo lokahnykkurinn á dvöl skátanna í Hafnarfirði.

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri kitti í óformlega heimsókn, fékk að smakka á kjötsúpu og hitti óhugasama skáta.



Ljóm: Guðni Gíslason



Ljóm: Guðni Gíslason

Það var engin lognmolla þar sem skátarnir sinntu samfélagsþjónustu.

afköstum þeirra við að hreinsa grjótbéð meðfram göngustígnum á Herjólfsgötu. Jafngildir vinna þeirra allt að 40 vinnuvikum en Hafnarfjarðarbær bauð öllum þeim sem tóku þátt í þessari vinnu í hádegismat.


Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri leit við síðasta daginn og fékk að

sinni með dvölinni í Hafnarfirði.

Flokkarnir tóku þátt í ýmsum verkefnum, gengu á fjöll, skoðuðu hella, elduðu kjötsúpu og bökuðu pönnukökur, fræddust um gamla bæinn í Hafnarfirði, réru á á Hvaleyrarvatni, sigldu í höfninni, æfðu skotfimi og margt annað.



Ljóm: Guðni Gíslason



Ljóm: Guðni Gíslason

SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt og önnur smáverk. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþríf. Kem og sæki. Bón verndar

bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.

Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Rífasti rokk á Flatahrauninu

Gríðarleg stemmning þegar Dimma spilaði og fjöldinn söng með



Fólkið söng með af fullum hálsi þegar Dimma flutti sín þekktustu lög.

Rokk í Hafnarfirði var haldin í annað sinn sl. föstudag fyrir utan Ölstofu Hafnarfjarðar á Flatahrauninu og inni þegar leið að nóttu. Var hún mjög vel

sótt þó hún hafi farið rólega af stað en fyrstu hljómsveitir hófu leik um kl. 18.

Þegar hljómsveitin Dimma lék var gríðarlega góð stemmning og fólk söng með af fullum hálsi í veðurbliðunni.



Yngstu rokkararnir mættu snemma.

Hljómsveitirnar sem komu fram voru Ceasetone, Paunkholm, Kiriya Family, Dimma og Úlfur Úlfur sem allar léku úti og síðan léku innan húss, Lith, Berndsen, Faith no more og Babies flokkurinn.

Kiriya Family heillaði allar kynslóðir.

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Sýningin Landsýn - í fótspor Jóhannesar Larsen með ljósmyndum Einars Fals Ingólfssonar og teikningum Jóhannesar stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýningin „Dáid er allt án drauma“ með listakonunum Söru Gunnarsdóttur og Unu Lorenzen.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Köfunarþjónustan fær lóð við höfnina

Köfunarþjónustan ehf. hefur fengið úthlutað lóðinni Öseyrarbraut 27 sem er ný lóð við Hvaleyrarlónið.



Beyki var oft að smíðum kallað brenni. Tré ársins er í Hellisgerði.

Tré ársins 2017 er í Hellisgerði

Skógræktarfélag Íslands, í samstarfi við IKEA á Íslandi, útnefndi beykitré sem er í Hellisgerði Tré ársins 2017, en fjögur beykitré er að finna í gerðinu sem voru gróðursett árið 1927 af Ingvari Gunnarssyni. Athöfnin var laugardaginn 29. júlí en tré ársins hefur verið útnefnt árlega frá 1989. Með þessu móti vill Skógræktarfélag Íslands vekja athygli og áhuga almennings á skógrækt og benda á menningargildi trjáa um allt land.

Beykitré eru algeng í Evrópu og þurfa þau hlýtt og langt sumar og vaxa þau því hægar á Íslandi og eru ekki algeng hér á landi. Undanfarin 20 ár hefur trjágróður tekið vaxtakipp og eiga tré sem áður áttu erfitt uppdráttar meiri möguleika á að vaxa og dafna.


Sigurður Flosason saxófónleikari og Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari léku djasstónlist fyrir gesti Hellisgerðis fyrir og eftir athöfnina. Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélags Íslands ávarpaði samkomugesti

og rakti í stuttu máli hvernig á því stóð að þessi fjögur beykitré voru gróðursett í Hellisgerði á sínum tíma. Væntanlega komu þau frá Danmörku og munu hafa verið eins meters há þegar þau voru gróðursett. Hann afhenti þessu næst Guðlaugu Kristjánsdóttur forseta bæjarstjórnar og Haraldi L. Haraldssyni bæjarstjóra heiðurskjal þessu til staðfestingar. Guðlaug rakti lauslega sögu Hellisgerðis og þakkaði síðan fyrir að Hafnirörðingur eigi nú í annað sinn á rúmmum áratug Tré ársins, en árið 2006 var Gráösp við Austurgötu 12 útnefnd sem Tré ársins. Þórarinn Ævarsson framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi sagði að fyrirtækinu væri heiður að vera þátttakandi í þessu verkefni og gat þess hvað timbur er mikilvægur efniviður í framleiðslu fyrirtækisins. Síðan mældi Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands hæð og ummál trésins, sem reyndist vera 9,05 m hátt og 1,3 m að ummáli.

Nýgræðingur í sveppatínslu

Helga Ingólfssdóttir segir mikið af sveppum í bæjarlandinu

Nú stendur sveppatímabilið yfir og það eru fjölmargir staðir í nágrenni Hafnarfjarðar þar sem sveppir skjóta upp kollinum.



Furusveppur

Blaðamaður Fjarðarfréttanna hitti Helgu Ingólfssdóttur bæjarfulltrúa í Sléttuhlíð

um helgina þar sem hún var í sveppaleit og spurði hana hvernig best væri að bera sig að við sveppaleitina.

KÚALUBBI OG FURUSVEPPUR

„Ég er nú nýgræðingur í þessu en maðurinn minn hann Alex er alinn upp við sveppatínslu og hann er góður leiðbeinandi. Síðan hef ég skoðað bækur og kíkt á netið. Ég tóni mest kúalubba sem er af kóngsveppaætt, ákaflega góður matsveppur og svo hef ég líka tint furusveppi. Ég hef mest kíkt í Heiðmörk og Sléttuhlíð eftir sveppum og það hefur gengið ágætlega í ár, sveppirnir er stærri en í fyrra sýnist mér.“

„Það er mikilvægt að ná öllum sveppnum upp og ég fer varlega niður með honum og slít hann upp. Ég hreinsa svo sveppina með hnífi, skef



Helga Ingólfssdóttir

mold og mosa í burtu og sker sveppina í sneiðar og þurrka í ofni við lágan hita. Það er ákaflega góð slökun að rölta um í upplandi Hafnarfjarðar og tína sveppi og ekki skemmir fyrir að villisveppir eru algjör lostæti í matargerð,“ segir bæjarfulltrúinn.

Finna má fróðleik um sveppi í Sveppabókinni sem kom út 2010 og á florislands.is

Milli 20 og 30 tegundir af um 1.000 sveppum á Íslandi eru talðar góðar til átu.



Kúalubbi

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:

17. ágúst kl. 17.45, **Kaplakriki**
FH - Braga, meistaraðild UEFA

17. ágúst kl. 18, **Ásvellir**
Haukar - Þór/KA, úrvalsdeild kvenna

18. ágúst kl. 19.15, **Ásvellir**
Haukar - Keflavík, 1. deild karla

22. ágúst kl. 18, **Kaplakriki**
FH - IBV, úrvalsdeild kvenna

23. ágúst kl. 18, **Kópavogsvöllur**
Breiðablik - Haukar, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

KR - FH: (miðv.dag)
Fylkir - FH: 0-1
FH - Haukar: 1-0

ÚRSLIT KARLA:

IBV - FH: 1-0
Gróttá - Haukar: 1-1
FH - Valur: 2-1
KA - FH: 0-0
Haukar - Þór: 2-0
FH - NK Maribor: 0-1
FH - Leiknir R.: 1-0
ÍR - Haukar: 1-2
NK Maribor - FH: 1-0
FH - ÍA: 2-0
Haukar - Fram: 3-2
Vikingur Færeyjum - FH: 0-2
Haukar - Þróttur R.: 0-0
FH - Vikingur Færeyjum: 1-1



Aðalfundur Fimleikafélagsins Björk

**verður haldinn þriðjudaginn 29. ágúst nk. kl. 20.15
í Íþróttamiðstöðinni Björk að Haukahlundi.**

Dagskrá er samkvæmt grein 4.3 í lögum félagsins sem finna má á heimasíðu félagsins, www.fbjork.is/bjorkhome/logfelagsins/. Jafnframt er vakin athygli á að framboðsfrestur til stjórnarsetu í aðalstjórn eru 10 dagar fyrir aðalfund og skal framboðum skilað á skrifstofu félagsins. Reikningar félagsins liggja fram viku fyrir aðalfund.

Fimleikafélagið Björk



50% STARF

**Sólvangur hjúkrunarheimili
óskar eftir að ráða starfsmann
í 50% starf í þvottahús.**

Starfið er laust nú þegar.

Nánari upplýsingar gefur Helga Margrét Harðardóttir,
forstöðumaður þvottahúss í síma 590 6560.

**LEIKFÉLAG
HAFNARFJARÐAR**



Við erum að leita að húsnæði

Leikfélag Hafnarfjarðar, sem starfað hefur í
Hafnarfirði í rúm 80 ár, leitar að húsnæði til leigu
undir starfsemi félagsins.

Við skoðum allar tillögur með opnum huga.

Hafið samband við okkur á leikfelag@gmail.com
eða í síma 824 9918 (Gísli)

BLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5aBoltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.Happy Hour alla daga
frá kl. 16 til 19 og fleiri
flott tilboð á barnum.**BLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200**4 milljónir í
frístunda-
akstur**

Ekki fyrir alla

Bæjarráð hefur samþykkt að taka aftur upp frístundaakstur en þó verður fyrst um sinn ekki hægt að nýta hann nema fyrir iðkendur í 3 íþróttafélögum. Í fundargerð fræðsluráðs frá 14. júlí segir ma.: „Markmið verkefnisins er að nýta betur íþróttamannvirki, stytta vinnudag yngstu grunnskólabarnanna og koma betur til móts við óskir foreldra.“

Er aksturinn í fyrsta áfanga ætlaður fyrir sex og sjö ára börn sem eru í frístundaheimilum grunnskólanna.

Hópbílar munu sjá um aksturinn frá skólum bæjarins að íþróttasvæðum FH, Hauka og Bjarkar

Veisla fyrir vinnustadinn
Sólskin í glasi og
sælkerasamlökur
veisla@lemon.is
Lemon

Eldur í nýbyggingu við Álfaskeið

Kviknaði í einangrun þegar verið var að bræða pappa á þak.

Mikill svartur reykur steig til himins yfir Álfaskeiði á öðrum tímanum á sunnudag. Kviknað hafði í plasteinangrun í viðbyggingu sem inniheldur m.a. bílskúr. Unnið hafði verið við að bræða saman tjörupappa með gasloga og líklegast er að þannig hafi náðst að kvikna í einangruninni.

Kallað var eftir aðstoð slökkviliðs en íbúar með aðstoð nágretta réðust gegn eldinum með garðslöngum og var eldurinn að mestu slökknaður þegar slökkvið kom. Slökkviliðið slökkti svo í öllum glæðum, reykræstu og tryggðu að eldur kviknaði ekki aftur.

Mildi er að eldur komst ekki í gaskúta sem voru í bílskúrnun og á þaki hans.



Ljóm: Guðni Glásson

Eldurinn var að mestu búinn þegar slökkvilið og lögregla kom á staðinn



Ljóm: Guðni Glásson

Betur fór en á horfðist en mikill svartur reykur steig til himins.

FJARÐAR fréttirSmelltu á
LIKEog skoðaðu myndir
á Facebooksíðu
Fjarðarfrétta**fjardarfrettir.is**
FRÉTTASKOTSendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is**Viltu vita hvers virði eignin þín er?****RE/MAX®**
FJÖRÐUR

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði

Frítt verðmat!**Páll B. Guðmundsson**

Löggiltur fasteignasali

861 9300, pallb@remax.is

